


Nr.: GÁT-040	<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	
Útgáfa: 1		
Dags.: 3/9/2021	<b>Fundargerð (Tegund fundar)</b>	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 1 af 2		


Dags.: 24.1.2023	Tími: 17:00	Staðsetning: Stofa 4	Fund boðaði: Eydís
------------------	-------------	----------------------	--------------------

Mætt:	Eydís Ásbjörnsdóttir, Unnur Ása Atladóttir, Birgir Jónsson, Sigurborg Hákonardóttir, Hlökkver Hlökkversson, Pálína Margeirsdóttir, Karen Ragnarsdóttir Malmqvist, Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir, Þórður Vilberg Guðmundsson, Pjetur St. Arason, Sævar Örn Arngrímsson, Dagur Þór Hjartarson.
Fjarverandi:	

#### Dagskrá:

1. Vorönn 2023.
2. Fjárhagur.
3. Viljayfirlýsing varðandi húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands og kynningu á iðn- og tækninámi.
4. Erlent samstarf.
5. Önnur mál.


nr.	Fundargerð dagskrárliðs
1	<p>Unnur Ása fer yfir tölur fyrir vorönn 2023. Á vorönninni eru 113 dagskólanemendur en á haustönn voru þeir 115. 175 nemendur eru í fjarnámi 28 í dreifnámi og eru þá 316 nemendur í heild. Fjarnemum hefur fækkað töluvert og skýrist það af því að töluverður hópur fór í raunfærnimat í sjúkraliðanámi og höfðu því fengið áfanga metna sem þeir hefðu annars tekið á vorönninni. Eydís bætir við að verið sé að tengja meira við atvinnulífið, í farvatninu sé að halda námskeið fyrir fyrirtæki sem getur skilað sér í aukinni aðsókn í skólann.</p> <p>Karen spyr hvernig staðan sé á breytingum í vinnustaðanámi. Eydís svarar að vinnan sé aðeins að fara af stað, það hefur ekki reynt mikið á þetta enn sem komið er. Það er verið að fara fyrstu skrefin í því að taka upp rafræna ferilbók. Skólinn er umsýsluaðili, nemendur þurfa að sækja þetta og fyrirtæki þurfa að skrá sig inn í birtingarskrá. Þetta verður mjög gott skref fyrir nemendur.</p>
2	<p>Eydís fer yfir fjárhagsstöðuna. Nýlega ákvað mennta- og barnamálaráðuneytið að taka til baka 25 milljónir sem var hagnaður frá fyrra ári sem átti að færa á milli ára. Auk þess voru 200 ársnemendur sem gert var ráð fyrir í fjárlögum skornir niður í 180 sem þýðir um mínus 20 milljónir í viðbót. Þetta er ekki í takti við þau skilaboð sem áður hafa borist varðandi fyrirséða aukningu á nemendum og uppbyggingu í iðn- og starfsnámi.</p>

Nr.: GÁT-040	<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	
Útgáfa: 1		
Dags.: 3/9/2021	<b>Fundargerð (Tegund fundar)</b>	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 2 af 2		

	Skólanefnd er sammála um að það þurfi að halda áfram að sækja fram þrátt fyrir þetta og felur formanni nefndarinnar að vera skólameistara innan handar varðandi það.
3	<p>Eydís fer yfir viljayfirlýsingar sem voru gerðar á vordögum 2022. Ein þeirra fjallaði um byggingu á verknámshúsi fyrir skólann. Vinnan við að koma því af stað er að fara í gang. Það þarf að ná samkomulagi um kostnaðarskiptingu en ríkið borgar 60% og sveitafélög á Austurlandi 40%. Skólameistari og formaður skólanefndar halda áfram að vinna þetta mál.</p> <p>Önnur fjallaði um stuðning ráðuneytisins við verkefnið verklegt val í VA en það er verkefni þar sem nemendum úr grunnskólum Fjarðabyggðar tóku hluta af vali sínu í verklegum greinum innan VA. Í viljayfirlýsingunni segir að ráðuneytið styðji skólann fjárlagslega þegar kemur að verkefninu. Launakostnaður vegna verkefnisins var 3.5 milljónir á haustönn 2022. Árið 2021 sá sveitarfélagið um að greiða þennan kostnað en eftir gerð yfirlýsingarinnar er óljóst hver ætti að sjá um þetta. Skólameistara og formanni skólanefndar er falið að vinna þetta áfram.</p>
4	Birgir fer yfir þær ferðir sem eru áætlaðar á vegum Erasmusverkefnisins. Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem skapa tækifæri fyrir bæði nemendur og starfsfólk.
5	<p>Birgir vekur athygli á frábærum árangri skólans í Gettu betur en skólinn er að fara í sjónvarpshluta keppinnar annað árið í röð. Skólanefnd fagnar þessu.</p> <p>Eydís vekur athygli á fréttatilkynningu sem birtist á dögnum varðandi þátttöku VA í námi í fiskeldisfræðum sem Menntaskólinn á Ísafirði leiðir í samstarfi við fyrirtæki í fiskeldi á Vestfjörðum.</p> <p>Hún vekur einnig athygli á því að samtali er að fara í gang við atvinnulífið varðandi það að koma háriðnbrautinni í gang aftur.</p>

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Fundargerð ritaði: Birgir Jónsson



dags. 24.1.2023

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):  
Á heimasíðu skólans og í rafrænni málaskrá